

## Athugasemd við Rammaáætlun

Marta Guðrún. Jóhannesdóttir [martajoh@gmail.com]

**Sent:** 8. maí 2012 00:05

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

*Alþingi  
Erindi nr. P 140/22 73  
komudagur 8.5.2012*

---

Ég, Marta Guðrún Jóhannesdóttir kt. 071078-2999, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaradarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllt

Marta Guðrún Jóhannesdóttir

--

Marta Guðrún Jóhannesdóttir

netfang/e-mail [martajoh@gmail.com](mailto:martajoh@gmail.com)

farsími/mobile 354 8675986